



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 15. desember 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk. Leifsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Rekstraryfirlit janúar-október 2020

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið janúar-október 2020 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fyrirliggjandi gögn voru til kynningar og umræðu.

#### 2. Gjaldskrá 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2021 sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána og samþykkti hana síðan með áorðnum breytingum.

#### 3. Ákvörðun um útsvar vegna tekjuársins 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að útsvarshlutfalli sem nemur 14,52% vegna ársins 2021. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða

#### 4. Ákvörðun um námsstyrki til nemenda 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á reglum um námsstyrki til framhaldsskólanema og tillaga að breyttri upphæð sem sveitarstjórn ræddi og samþykkti síðan samhljóða með áorðnum breytingum. Námsstyrkur til nemenda mun nema 30.000 krónum vegna 2021 eða 15.000 krónum á önn.



## 5. Ákvörðun um frístundastyrki 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að upphæð frístundastyrkja vegna 2021. Upphæð verður óbreytt á milli ára og nemur 25.000 kr. á barn.

## 6. Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2021

### Fasteignagjöld

#### Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði (C-flokkur) verði **1,65%** af álagningarstofni.

#### Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

#### Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmarki 7.599 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 38.204 kr.

#### Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

#### Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **49.780 kr./**íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **15.680 kr./**sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **5.566 kr./**hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

#### Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **7.642 kr./ha.**

#### Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattar verða eingöngu lækkaðir af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur.

Fasteignaskattar lækki um allt að kr. **50.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að

3.736.000 kr/ári



- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.106.706 kr/ári

Fasteignaskattar lækki um allt að kr. **30.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.670.807 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 7.633.382 kr/ári

## 7. Fjárhagsáætlun 2021-2024 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2021-2024 til seinni umræðu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun fyrir 2021-2024 var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum með fimm greiddum atkvæðum. Í rekstraryfirliti áætlunar 2021 kemur fram að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 705,825 milljónir, þar af eru skatttekjur 483,194 milljónir og rekstrartekjur 222,631 milljónir. Rekstrargjöld eru áætluð 757,379 milljónir og þar af kostnaður vegna launa áætlaður 346,747 milljónir. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 5,680 milljónir og rekstrarniðurstaða samstæðu áætluð neikvæð um 57,234 milljónir. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 5,539 milljónir. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 245,7 milljónir. Stærstu fjárfestingaþættirnir í áætlun eru 80 milljónir vegna sjóbaða, 80 milljónir vegna fráveitframkvæmda, 50 milljónir í almennt viðhald og endurbætur eigna og 19 milljónir í viðhald og framkvæmdir á hafnarsvæði. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 247,829 milljónir og verði í árslok 54,243 milljónir. Í áætlun árána 2021-2024 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

Í tengslum við fjárhagsáætlunarvinnu þá hefur sveitarstjórn ákveðið samhljóða að með tilliti til aðstæðna á vinnumarkaði verði ekki gerðar breytingar á launum kjörinni fulltrúa og nefndarfólks til hækkunar. Þær hækkanir sem áttu að taka almennt gildi 1. janúar 2020 og 1. janúar 2021 verður frestað út kjörtímabil sitjandi sveitarstjórnar.

## 8. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Um er að ræða tilfærslu milli fjárhagsliða Aðalsjóðs. Annars vegar þar sem gert er ráð fyrir breytingum á gjöldum nettó upp á 0,49 millj. og hins vegar breytingum á tekjum, nettó upp á 0,49 millj.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Viðauki vegna rekstrar er því nettó kr. 0,- Sveitarstjórn ræddi tillögu að viðauka og samþykkti samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

## 9. Sala eigna

### a. Suðurvegur 10

Fyrir fundinum lá samþykkt kautilboð í eign sveitarfélagsins að Suðurvegi 10, fasteignanúmer F2139015/merking 01 0101. Sveitarstjórn staðfesti fram komið kautilboð og fól sveitarstjóra að annast sölu eignarinnar.

## 10. Bréf

### a. Körfuboltaskóla Norðurlands dags. 4. nóvember 2020

Fyrir fundinum lá erindi körfuboltaskóla Norðurlands þar sem óskað er eftir áframhaldandi samstarfi og stuðningi við rekstur Körfuboltaskólans. Sveitarstjórn ræddi fram komið erindi og samþykkti að styrkja starfsemina um 100.000 kr. vegna 2021.

### b. BSRB dags. 18. nóvember 2020

Með erindinu hvetja forsvarsmenn BSRB, ASÍ, BHM, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla sveitarstjórnarfólk til þess að leggja sitt af mörkum til þess að starfsfólk setji sér markmið um að fara í fulla styttingu á vinnuviku sem nemur styttingu um 4 klst. á viku.

Sveitarfélagið leggur til að byrjað verði á því að semja um lágmarksstyttingu frá og með 01.01.21 og gerður verði samhljóða vinnustaðarsamningur sem yrði borinn undir atkvæði hjá starfsfólki.

Stjórnendur og starfsfólk nýti síðan árið 2021 til að innleiða þær breytingar og skoða hvort og hvernig væri hægt að útfæra styttingu með neysluhléum þannig að markmiðum með styttingu verði náð. Þeirri vinnu verði lokið í síðasta lagi 31.12.2021.

**c. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 18. nóvember 2020**

Fyrir fundinum lá Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2020. Skýrslan var til kynningar.

**d. Fiskistofu dags. 20. nóvember 2020**

Með erindi Fiskistofu er tilkynnt að í sumar hafi Fiskistofa innheimt sérstakt gjald af strandveiðibátum sem greiða á hverri höfn í hlutfalli viðkomandi hafnar í heildarafla sem fenginn var við strandveiðar tímabilið 01.05.20-31.08.20. Greiðslan nemur kr. 1.503.253.

**e. Hagstofu Íslands dags. 27. nóvember 2020**

Fyrir fundinum lá bréf Hagstofu Íslands þar sem tilkynnt er að Hagstofan undirbúi nú töku manntals og húsnæðistals 1. janúar 2021. Ráðgert er að framvegis verði gert manntal á hverju ári. Hagstofan mun óska eftir liðsinni sveitarfélaga til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga og mun gagnabeiðni verða send út í byrjun janúar 2021. Erindið var til kynningar.

**f. Sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 27. nóvember 2020**

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun vegna málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra 2021. Fjárhagsáætlun og fylgigögn voru til kynningar.

**g. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 30. nóvember 2020**

Fyrir fundinum lá úthlutun aflaheimilda vegna byggðakvóta sem koma í hlut sveitarfélagsins fiskveiðiárið 2020/2021. Heildarúthlutun nemur 154 tonnum sem er 25 tonnum lægri en vegna fiskveiðiársins 2019/2020. Hlutfall úthlutunar af heildarpotti nemur 3,21%. Málið var til kynningar.

**h. Byggðaráð Skagafjarðar dags. 26. nóvember 2020**

Með bréfinu er eftirfarandi bókun Byggðaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 26. nóvember kynnt. Bókunin er svohljóðandi:

*Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar harmar þá stöðu sem upp er komin í málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Reykjavíkurborg virðist ætla að halda til streitu kröfu á hendur Jöfnunarsjóði upp á um 8,7 milljarða króna fyrir meint vangoldin framlög úr sjóðnum. Þessari kröfu hefur þegar verið hafnað af hálfu*



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

ríkisins. Ljóst er hins vegar að muni krafan ná fram að ganga þá eru það sveitarfélögin í landinu, í gegnum Jöfnunarsjóð, sem á endanum munu greiða kröfuna í formi skertra framlaga til þeirra eins og fyrri kröfur sem lent hafa á sjóðnum. Með því er ljóst að fjárhagsleg framtíð sveitarfélaga í landinu er í uppnámi sem og framtíð þess jöfnunarkerfis sem hingað til hefur verið sátt um á meðal sveitarfélaga landsins. Mörg sveitarfélög treysta að miklu leyti á framlög Jöfnunarsjóðs til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem þeim eru falin og því ljóst að skerðing á framlögum til þeirra í gegn um jöfnunarkerfið mun gera mörgum sveitarfélögum ókleift að sinna þessum verkefnum. Það mun leiða til þess að þjónusta við íbúana mun skerðast verulega frá því sem nú er. Flest sveitarfélög landsins takast nú á við mjög erfiða fjárhagsstöðu á árinu 2020 og jafnframt er flestum þeirra mikil áskorun að ná endum saman við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Nái krafa höfuðborgar Íslands, sem byggð hefur verið upp af hálfu ríkisins og skattborgara landsins alls sem miðstöð stjórnsýslu, menningar, iþróttar og lista, fram að ganga er ljóst að rekstur sveitarfélaga landsins er í uppnámi um komandi framtíð. Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar skorar á Reykjavíkurborg að draga kröfu sína til baka og leita annarra leiða gagnvart ríkisvaldinu til að ná fram þeirri leiðréttingu sem borgin telur sig eiga rétt á en í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þar með gagnvart sveitarfélögum í landinu, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra.

Byggðarráð skorar jafnframt á önnur sveitarfélög landsins að taka undir bókunina og gera að sinni.

Sveitarstjórn tekur undir bókun Byggðaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og gerir hana að sinni.

**i. Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra dags. 7. desember 2020**

Með erindinu er boðað til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Nv. sem haldinn verður þann 18. desember nk. Var sveitarstjóra falið að sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

**j. Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál dags. 10. desember 2020**

Með bréfi Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál er samþykkt fjárhagsáætlun og kostnaðarskipting sveitarfélaga vegna reksturs byggðarsamlagsins 2021 lögð fram til kynningar.



## 11. Fundargerðir

### a. Aðalfundur stjórnar Norðurár dags. 13.10.2020

Fundargerð var til kynningar

### b. Auka aðalfundur stjórnar Norðurár dags. 11.11.2020

Fyrir fundinum lá fundargerð auka aðalfundar stjórnar Norðurár auk uppfærðra samþykktu félagsins. Í fundargerð kemur fram að aðildarsveitarfélög þurfi að staðfesta breyttar samþykktir að undangengnum tveimur umræðum í sveitarsjórn. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagðar samþykktir fyrir Norðurá bs. sem samþykktar voru á aukaaðalfundi Norðurár bs., þann 11. nóvember 2020 og vísar þeim til síðari umræðu.

### c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20.11. 2020

Fundargerð var til kynningar.

### d. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 19.11.2020

Fundargerð var til kynningar.

### e. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 30.11.2020

Með fundargerðinni fylgir samþykkt fjárhagsáætlun og kostnaðarskipting sveitarfélaga vegna reksturs byggðarsamlagsins 2021. Fundargerð og gögn voru lögð fram til kynningar.

### f. Stjórnar SSNV dags. 1.12.2020

Fundargerð var til kynningar.

## 12. Önnur mál

Oddviti lagði til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 150.000 kr. sem verði nýttar til stuðnings heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald. Framlögð tillaga var samþykkt samhljóða af sveitarstjórn.





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Sveitarstjórn þakkar öllu starfsfólki kærlega fyrir vel unnin störf við erfiðar aðstæður á árinu sem er að líða og óskar þeim og öllum íbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:50


  
Halldór G. Ólafsson

  
Róbert Kristjánsson

  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Alexandra Jóhannesdóttir